

Garðabær-Bæjarskrifstofur
Arinbjörn Vilhjálmsson
Garðatorgi 7
210 Garðabæ



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 30. september 2008
Tilvísun: UST20080900018/ksj


Urriðaholt, viðskiptastræti (Urriðaholt – Jónasartorg), 1. áfangi. Umhverfisskýrsla og eldra deiliskipulag Urriðaholts.

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Garðabæjar er barst þann 1. september sl. þar sem óskað er umsagnar um deiliskipulag Urriðaholts, viðskiptastræti, 1. áfangi. Erindinu fylgir deiliskipulag og umhverfisskýrsla.

Umhverfisstofnun veitti umsögn um ofangreint erindi vegna tilkynningaskyldu framkvæmdarinnar 4. apríl. sl. Umhverfisstofnun gerði aðallega athugasemdir við loftgæði, ofanvatn og hljóðstig. Umhverfisstofnun fær ekki séð að tekið hafi verið tillit til fyrrgreindra athugasemda. Sérstaklega gerir stofnunin athugasemd við að ekki eru færð rök eða útreikningar fyrir fullyrðingum um að ekki sé *talið* að loftgæði fari yfir viðmiðunarmörk. Umhverfisstofnun sendir því fyrri umsögn með sem fylgiskjal.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur



Hjalti J Guðmundsson
Sviðsstjóri

Skipulagsstofnun



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 25. apríl 2008

Tilvísun: UST20080300046/sf

Tengibrautin Urriðaholtsstræti í Garðabæ. Matsskylda.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 7. mars þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar felist í áhrifum á hljóðvist og loftgæði. Stofnunin gerir eftirfarandi athugasemdir við framkvæmdina.

Framkvæmdalýsing

Um er að ræða lagningu tengibrautar, Urriðaholtsstrætis, sem mun liggja í norðanverðu Urriðaholti milli Reykjanesbrautar og Elliðavatnsvegjar. Tengibrautin er hluti nýrrar byggðar sem skipulögð hefur verið í rammaskipulagi fyrir Urriðaholtið í heild sinni. Fyrir liggur deiliskipulag fyrir 1. áfanga hennar, ásamt umhverfisskýrslu en í þeirri skýrslu koma fram upplýsingar um umhverfisáhrif tengibrautarinnar vegna hugsanlegrar matsskyldu.

Hljóðvist

Í umhverfismati deiliskipulags vegna Urriðaholts viðskiptastrætis, 1. áfanga, kemur fram að samkvæmt niðurstöðum hljóðvistarútreikninga miðað við fyrirbyggjandi umferðarspár fyrir árið 2024, fullbyggt hverfi og 50 km/klst umferðarhraða fer hávaði nokkuð yfir viðmiðunarmörk fyrir íbúðarhúsnæði við þær byggingar sem standa næst Urriðaholtsstræti. Þar fer hávaði í allt að 65 dB(A) samkvæmt útreikningum, hvort sem er á neðri hæðum eða þeim efri. Einnig kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir neinu íbúðarhúsnæði innan fyrsta deiliskipulagsáfanga Urriðaholtsstrætis. Hins vegar er hugsanlegt að gert verði ráð fyrir íbúðum á efri hæðum en atvinnuhúsnæði á neðri hæðum húsnæðis sunnan Urriðaholtsstrætis í síðari deiliskipulagsáföngum Urriðaholtsstrætis. Í umhverfisskýrsluni segir enn fremur:

„Taka verður tillit til þessa við gerð deiliskipulags við síðari áfanga og við hönnun bygginga m.t.t. íbúðarhúsnæðis. Þar sem umferðarhraði verður 30 km/klst má gera ráð fyrir minni umferðarhávaða en gert er ráð fyrir í þessum hljóðvistarreikningum. Hljóðvist verður reiknuð aftur miðað við 30 km/klst áður en ákvörðun verður tekin varðandi möguleika á að reisa íbúðarhúsnæði á efri hæðum, þegar deiliskipulag verður unnið fyrir þann áfanga.“

Umhverfisstofnun hefur í umsögnum um vegaframkvæmdir og skipulag byggðar ítrekað bent á að í nýskipulögðum íbúðarhverfum skuli allt gert til að hljóðstig frá umferð fari ekki yfir 45 dB sem er leiðbeiningargildi reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða og að skilyrðislaust eigi að uppfylla viðmiðunargildi reglugerðarinnar. Stofnunin telur að skipulag byggðar eigi alls ekki að miðast við að grípa þurfi til sértækra aðgerða til að uppfylla ákvæði um hljóðvist, ekki síst þar sem hljóðvist skiptir almenning sifellt meira máli. Þar sem umhverfisáhrif fyrirhugaðrar tengibrautar eru háð því hvaða áhrif hún mun hafa á hljóðvist við íbúðarhúsnæði telur Umhverfisstofnun að liggja verði fyrir hvort ætlunin sé að íbúðir verði staðsettar við tengibrautina. Í því sambandi telur Umhverfisstofnun ekki nægilegt að hljóðvist verði reiknuð aftur miðað við 30 km/klst umferðarhraða. Stofnunin vekur athygli á að umferðarhraði í safngötum og húsa-götum er gjarnan takmarkaður við 30 km/klst en hámarkshraði á tengibrautum er víðast hvar meiri, þ.e. 50 km/klst eða meiri. Stofnunin telur því að gera verði grein fyrir hvort raunhæft sé að umferðarhraði á tengibraut verði 30 km/klst.

Loftgæði

Almennt séð er ekki við því að búast að loftmengun verði mikið vandamál í hverfinu. Þó vill Umhverfisstofnun benda á að búist er við að umferð um Urriðaholtsstræti milli Holtstveggar og Elliðavatnsveggar verði 17 þúsund bílar árið 2024. Meðfram Urriðaholtsstræti verða að mestu 3-5 hæða byggingar og búast má við að þær myndi gott skjól á strætinu. Að sama skapi má því búast við aðstæðum þar sem loftmengun getur safnast fyrir. Í kafla 5.3.6 þar sem fjallað er um loftgæði er sagt að ekki sé *talið* að loftgæði fari yfir viðmiðunarmörk en ekki er að sjá að frekari rök eða útreikningar séu færð fyrir því. Umhverfisstofnun vill benda á að húsaröð 3-5 hæða húsa meðfram götunni er ástæða til að skoða sérstaklega loftgæði á því svæði.

Ofanvatn

Í umhverfisskýrslu fyrir 1. áfanga deiliskipulags Urriðaholtsstrætis kemur fram að umfangsmiklar rannsóknir hafa farið fram á vatnafari í Urriðaholti m.a. til að tryggja að vatnsgæði og vatnshæð Urriðavatns verði viðhaldið um ókomna tíð. Því hafi verið hannaðar sjálfbærar ofanvatnslausnir fyrir ofanvatn sem fellur á vatnasviði Urriðavatns í Urriðaholti, sem tryggja viðhald vatnsgæða og vatnshæðar Urriðavatns. Í umhverfisskýrslunni segir einnig: „*Ofanvatn sem fellur á Urriðaholtsstræti er utan vatnasviðs Urriðavatns og munu vatnsgæði þess þar af leiðandi ekki hafa áhrif á Urriðavatnið. Til þess að hafa sem minnst áhrif á vatnshæð og á því skipulagssvæði sem hér er fjallað um og á því svæði sem Urriðaholtsstræti fer um verður sjálfbærum ofanvatnslausnum einnig beitt á þessu svæði.*“ Í greinargerð með deiliskipulagstillögunni kemur m.a. fram að miðað er við að ofanvatn af akreinum Urriðaholtsstrætis verði leitt til sjávar um hefðbundið lagnakerfi. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að ofanvatnslausnir tryggi það að mengunarefni berist ekki óhindrað út í umhverfið.

Gróðurfar og dýralíf


Í umhverfisskýrslu segir m.a. um gróður og dýralíf: „*Græn svæði og notkun gróðurs innan og við skipulagssvæðið mun styðja við aukinn líffræðilegan fjölbreytileika á svæðinu, til mótvægis við þau búsvæði sem verða fyrir raski vegna uppbyggingar og framkvæmda.*“ Umhverfisstofnun telur að rökstyðja verði frekar framangreinda fullyrðingu. Stofnunin vekur athygli á að samhliða breytingum landi og þar með á gróðri geta orðið breytingar á fuglalífi en mófuglar nýta sér t.d. ekki skóglendi sem búsvæði. Einnig vekur stofnunin athygli á að markmið sammingsins um líffræðilega fjölbreytni er að vernda líffræðilega fjölbreytni og að stuðla að sjálfbærri nýtingu lifandi náttúruauðlinda, en ekki að reynt verði að auka á


líffræðilega fjölbreytni eða breyta henni án tillits til tegundavals eða verndun íslenskra vistgerða.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að gera hefði átti frekari grein fyrir áhrifum á hljóðvist og loftgæði, samanber athugasemdir hér að framan. Stofnunin telur þó ekki líkur á að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði umtalsverð.

Virðingarfyllt


Sigrós Friðriksdóttir
fagstjóri



Hjalti J. Guðmundsson
sviðsstjóri